# smiðjum myndhöggvara

til að myndhöggvarar stofnuðu með sér félagsskap. Áhugi fyrir höggmyndum hafði líka farið vaxandi.

„Áður voru aðeins þeir Ásmundur Sveinsson og Sigurjón Ólafsson og á undan þeim áttum við engan annan myndhöggvara en Einar Jónsson. Einar er þó sá myndhöggvari, sem hefur trúlega haft það hvað best. Því hann var á tíma eini ríksstyrkti listamaðurinn, hafði bankastjóralaun,“ segir Ragnar og brosir í kampinn.

Í myndarlegri sýningarskrá segir einn af aðstandendum sýningarinnar, Níels Hafstein, í formálsorðum:

„Eftir margra ára baráttu og bis og bax við uppbyggingu húsnæðisins að Korpúlfsstöðum, þá hefur gefist tími til að búa til skúlptúr. Það er ekki ólíklegt að þessi nýi vaxtarbroddur úr einkasmiðjum eða verkstæðum á Korpúlfsstöðum eigi eftir að dafna vel og örva listamenn til dáða, sýningin ber vitni um það, hún er fjölbreytt í efni, aðferðum og tækni, og hún teygir anga sína inn á ýmsar brautir hugsunar og tilfinninga.“

Á öðrum stað rekur Níels aðdragandann að stofnun Myndhöggvarafélagsins.

„Það leikur varla nokkur vafi á því að útisýningar á Skólavörðuholti í Reykjavík mörkuðu skörp skil í myndlist þjóðarinnar þegar í upphafi 1967. Það má jafnvel fullyrða að þar hafi orðið sprenging og nýtt upphaf framúrstefnu samkvæmt alþjóðlegum mælikvarða, jafnhliða því sem raunsæisleg list tók mikinn fjörkipp. Fram að þessum tíma hafði skúlptúrinn verið á hrakhólum og hornreka a samsýningum, oftast illa lýstur á göngum, – en nú varð sem sé mikil breyting. Skúlptúrinn hoppaði léttilega ofan af stöllunum út á klappir og tún; gömul þvottavél fékk nýja vídd, eldflaug óx úr grasi, brauðvarða seig saman þegar blotnaði í henni og var síðan fjarlægð af heilbrigðiskefinu.“

Níels telur að helsti ávinningur af listabröltinu á Skólavörðuholti hafi orðið sá að draga fram nýjar hliðar á þrívíðri myndlist. Skúlptúrinn var ekki aðeins stytta heldur umhverfismótandi hlutur.

Svo er að sjá á sýningunni að Kjarvalsstöðum að þessu sinni að íslensk höggmyndalist hafi haldið áfram að dafna og blómstra. Við vonum að svo megi halda áfram. Um leið og við óskum listamönnunum til hamingju þökkum við fyrir að mega njóta þess sem þeir hafa fram að færa.

**JÁÞ**



■ **„Veruleikur“ Steinunn Þórarinsdóttir 1985, járn og steinsteypa.**



■ **„Cliché“ Ólafur Lárusson 1985, blönduð tækni.**

PÖTTINGER
FJÖLHNÍFAVAGNAR




Við erum stoltir af að geta boðið fjölhnífavagnana frá PÖTTINGER á sérstöku afsláttarverði





**Matari skilar heyinu beint í heyblásarann. Þverfæribandið gengur bæði til hægri og vinstri og nýtist einnig til losunar og jöfnunar í flatgryfjum**








Innmötunarbúnaður með 16 slaga afldreifibunaði soxun 4 cm með allt að 31 hnifi

Auðveld brýning og viðhald.

**Verðlisti og upplýsingar um PÖTTINGER fjölhnífavagna.**

**Pöttinger Trend II 28 m³.**
22 hnífar með sjálfvirkum útsláttaröryggjum fyrir hvern einstakan hnif. Söxun 50 mm.
Vökvalyft sópvinda 1.6 m.
Dekk 11.5 x 15. Drifskaft með tvöföldum hjörulið við dráttarvél og yfirálagsvörn. Verð með ofangreindum búnaði **kr. 236.000.00**

**Ladeprofi II 31 m³**
31 hnífur með sjálfvirkum útsláttaröryggjum fyrir hvern einstakan hníf. Söxun 40 mm. Vökvalyft sópvinda 1,6 m. Lokaðar plasthúðaðar hliðargrindur. Veltiöxull með fjöðrum. Flotdekk 15 x 17, 10 strigalaga. Bremsur á öllum hjólum stjórnað úr ekilshúsi. Drifskaft með tvöföldum hjörulið við dráttarvél og yfirálagsvörn. Verð með ofangreindum búnaði **kr. 325.000.00**

**Ladeprofi III 36 m³**
Utbúnaður er sá sami og á Ladeprofi II og auk þess vökvaopnun á afturgafli. Verð með ofangreindum búnaði kr. **348.000.00**

**Ernterprofi III 36 m³**
Sami búnaður og á Ladeprofi II og auk þess þriggja valsa heymatari að aftan með þverfæribandi með keyrslu í báðar áttir. Sjálfvirk bremsa í beisli. Hleðslulkvarði. Verð með ofangreindum búnaði **kr. 429.000.00**

**PÖTTINGER verksmiðjan er ein af stærstu framleiðendum heyvagna í Evrópu, en framleiða auk þess fjölda annarra búvéla.**

VÉLABORG
Bíldshöfða 8 – Símar 8-66-55 & 8-66-80